



Almennir skilmálar

Skilmáli AS-1

Almennir skilmálar gilda um allar tryggingar félagsins nema ákvæði sérskilmála kveða á um annað. Ákvæði í sérskilmálum ganga framur ákvæðum í almennum skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli. Ákvæði í tryggingarskírteini ganga framur ákvæðum í skilmálum og frávikjanlegum lagaákvæðum.

Í skilmálum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf. og Vörður líftryggingar hf.

Um tryggingarsamninga gilda ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Félagið vinnur persónuupplýsingar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, hér eftir pvl.

Skilgreiningar

Skaðatrygging

Með skaðatryggingu er átt við tryggingu gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, tryggingu gegn skaðabótaábyrgð eða kostnaði og aðra tryggingu sem ekki er persónutrygging.

Persónutrygging

Með persónutryggingu er átt við líf- og heilsutryggingar.

Sérskilmálar

Með sérskilmálum er átt við þá skilmála sem gilda fyrir hverja tryggingu fyrir sig.

1. Upphaf og lok tryggingarsamninga

1. gr. Upphaf tryggingar

Trygging tekur gildi þegar samningur um trygginguna er gerður, þ.e. þegar félagið eða tryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins, sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi.

Hafi tryggingartaki sent skriflega og fullbúna tryggingarbeiðni til félagsins öðlast tryggingin gildi við móttöku hennar, nema tryggingartaki hafi óskað eftir öðrum gildistökutíma eða beiðninni sé hafnað við áhættumat félagsins, sbr. 13. og 74. gr. vsl.

2. gr. Endurnýjun

Tryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í tryggingarskírteini. Að því loknu endurnýjast tryggingin sjálfkrafa í eitthvert ár í senn, nema um annað sé samið. Sé um skammtímatryggingu að ræða endurnýjast hún ekki. Sama á við þar sem skýrlega er tekið fram í skilmálum að tryggingin falli niður við ákveðið tímamark.

3. gr. Upplýsingaskylda tryggingartaka

Við gerð eða endurnýjun tryggingarsamninga ber tryggingartaka, eða eftir atvikum tryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um tryggingaráhættuna sem félagið óskar, sbr. 19. og 82. gr. vsl. Sömuleiðis ber tryggingartaka, og eftir atvikum tryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafi þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.

Tryggingartaki skal upplýsa félagið tafarlaust ef tryggingartaki flyst búferlum eða ef aðsetur hans breytist af öðrum orsökum. Einnig skal tryggingartaki upplýsa félagið ef hann flytur utan, enda fellur ábyrgð samkvæmt ákveðnum tegundum trygginga niður við slíkar aðstæður.

Skýri tryggingartaki svíksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður, sbr. 20. og 83. gr. vsl.

4. gr. Uppsagnarréttur tryggingartaka

Tryggingartaki getur sagt upp tryggingu, sem endurnýjast sjálfkrafa, með sannanlegum hætti með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á tryggingartímabilinu, þó eigi síðar en tveimur vikum fyrir endurnýjunardag, og miðast uppsögn við næstu mánaðamót á eftir.

Ef um persónuþryggingar er að ræða getur tryggingartaki sagt upp tryggingu hvenær sem er og tekur uppsögnin gildi þann dag sem tryggingartaki óskar þess.

Tryggingartaka er jafnframt heimilt að segja upp tryggingu, sem endurnýjast sjálfkrafa, vegna flutnings tryggingarinnar til annars félags, sbr. 14. og 75. gr. vsl. Skal þá tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða tryggingarfélags er flutt og frá hvaða tíma.

Þegar tryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur tryggingartaki aðeins sagt tryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok tryggingartímabilsins.

5. gr. Uppsagnarréttur félagsins

Félagið getur sagt upp tryggingarsamningi vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

- Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um tryggða áhættu, sbr. 21. og 84. gr. vsl.
- Fyrirvaralaust ef tryggingartaki hefur svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um tryggða áhættu, sbr. 21. og 84. gr. vsl.
- Með viku fyrirvara ef tryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til, sbr. 47. og 120. gr. vsl. Félaginu er enn fremur heimilt að segja upp öllum öðrum tryggingarsamningum sem tryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.
- Með tveggja mánaða fyrirvara, sbr. 15. og 76. gr. vsl, ef fyrir hendi eru sérstök atvik, t.d.:
 - Þegar tjónþungi tryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. þrjú tjón eða fleiri á 12 mánuðum.
 - Ef tryggður hefur valdið tjóni af ásetningi.
 - Ef tryggður brýtur gegn varúðarreglum.
 - Ef alvarlegur trúnaðarbrestur hefur orðið milli tryggðs og félagsins.
 - Við vanefndir á greiðslu iðgjalda.
 - Ef aðstæður tryggðs, þ.m.t. starf hans og lífshættir, breytast á tryggingartímabilinu, eða ef notkun tryggðs hlutar, starfsemi tryggðs eða aðstæður almennt sem áhrif geta haft á trygginguna breytast, á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt trygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf tryggingartímabilsins.
- Félaginu er heimilt að neita að endurnýja trygginguna þegar fyrir liggja sérstakar ástæður, sbr. 2. mgr. 18. gr. vsl. og skal slíkt gert með tveggja mánaða fyrirvara fyrir endurnýjun. Skal félagið senda frá sér tilkynningu þess efnis samkvæmt ákvæðum sömu laga.

6. gr. Eigendaskipti

Við eigendaskipti að hinu tryggða telst nýr eigandi tryggður í 14 daga frá eigendaskiptum, enda hafi hann ekki keypt aðra tryggingu, sbr. 40. gr. vsl.

7. gr. Áhættumat

Þegar um er að ræða tryggingu á fasteign eða lausafé áskilur félagið sér rétt til áhættuskoðunar á hinu tryggða og geymslu þess hvenær sem er fyrir töku tryggingarinnar, við endurnýjun hennar eða á tryggingartímanum. Sama á við um áhættuskoðanir á starfsemi hins tryggða vegna ábyrgðartrygginga og trygginga á áhætturekstri. Félagið getur gefið sérstök fyriræli eða sett sérstaka varúðarreglu um meðferð hins tryggða á grundvelli slíkrar skoðunar eða tekið tillit til hennar við ákvörðun iðgjalda við endurnýjun.

Áhættumat í persónuþryggingum byggir á heilsufarsupplýsingum sem hinn tryggði veitir félaginu fyrir tryggingartöku eða eftir atvikum fyrir endurnýjun. Ákvörðun um veitingu tryggingar, iðgjöld og hugsanlegar takmarkanir á vernd tryggingarinnar byggir á þessu áhættumati í þeim tilvikum sem það fer fram.

8. gr. Eigin áhætta

Ef tryggingartaki ber eigin áhættu er hún tilgreind á tryggingaskírteini. Tryggingartaki og tryggður bera sameiginlega ábyrgð og óskipta skyldu til þess að endurgreiða félaginu að fullu fjárhæð eigin áhættu og getur félagið valið að hvorum það beinir kröfu um endurgreiðslu.

Ef höfuðstóll bótakröfu er lægri en eigin áhætta miðað við fjárhæð hennar á tjónsdegi, verða ekki greiddar bætur úr tryggingunni. Þá tekur félagið ekki þátt í kostnaði sem tengist bótakröfu nema höfuðstóll kröfunnar sjálfrar, án tillits til kostnaðarins, fari yfir fjárhæð eigin áhættu.

2. Iðgjald tryggingarsamninga

9. gr. Ákvörðun iðgjalda

Iðgjald fyrir tryggingu er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald, m.a. eftir nýrri iðgjaldaskrá, með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, sérstakri áhættubreytingu, verðlagsþróun, tjóna- og viðskiptasögu og öðrum orsökum.

Þegar iðgjald reiknast af breytilegum stærðum, m.a. veltu, vinnulaun, fjöldi starfsmanna, véla eða tækja, skal áætla iðgjald í upphafi tryggingartímabils en endanlegt iðgjald greiðist við lok þess. Tryggingartaki skal upplýsa félagið, innan eins mánaðar frá lokum tryggingartímabils, um þær upplýsingar sem teljast nauðsynlegar til endanlegrar ákvörðun iðgjalds. Ef upplýsingar berast ekki innan þess tíma getur félagið ákveðið endanlegt iðgjald eins og það álitur sanngjarnt. Ef endanlegt iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald sem reiknað var, ber tryggingartaka að greiða mismuninn innan viku frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan viku frá því að útreikningur gat farið fram.

10. gr. Greiðsla iðgjalda

Iðgjald tryggingarinnar fellur í gjalddaga á fyrsta degi hvers tryggingartímabils. Ef greiðsla iðgjalds tryggingar er dreift í allt að 12 mánuði er gjalddagi hvers hluta iðgjaldsins fyrsti dagur hvers mánaðar. Sé iðgjaldinu dreift samkvæmt þessu reiknast vextir á eftirstöðvar iðgjaldsins samkvæmt gjaldskrá félagsins. Tryggingartaka er skylt að greiða iðgjald á gjalddaga og skal greiða fyrir það tímabil sem tryggingin er í gildi. Félagið sendir tryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.

Krafa um greiðslu iðgjalds er send með rafrænum leiðum, s.s. með kröfu í netbanka tryggingartaka, með tölvupósti eða á „mínun síðum“ á vef félagsins. Tryggingartaki getur óskað eftir að krafa um greiðslu sé send með bréfpósti á heimilisfangs tryggingartaka samkvæmt þjóðskrá og er honum skylt að tilkynna félaginu um breytingar á heimilisfangi.

11. gr. Gjaldlagi og vanskil

Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur, hvort sem um er að ræða eingreiðslu iðgjalds eða hlutagreiðslu, er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, eða fellur tryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald enn ógreitt, sbr. 33. og 96. gr. vsl. Tryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem trygging var í gildi.

Hafi tryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

Þegar trygging er tekin með einhliða yfirlýsingu tryggingartaka er greiðslufrestur iðgjaldsins 7 dagar frá því að félagið sen di kröfu um greiðslu þess. Sé iðgjaldið ekki greitt að fullu innan þess frests fellur tryggingin þegar úr gildi án frekari fyrirvara.

12. gr. Endurgreiðsla iðgjalda

Nýti tryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála og vsl., til að slíta tryggingarsamningnum á tryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald tryggingarinnar hlutfallslega. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. vsl. Sé andvirði tryggðra muna eða annarra hagsmuna greitt út við alþjón og tryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

13. gr. Gjaldmiðill og gengi

Fjárhæðir tryggingar eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða sé sérstaklega tilgreint í tryggingarskírteini.

Bætur greiðast í íslenskum krónum nema sérstaklega sé samið um annað. Sé tryggingarfjárhæð eða fjárhæð eigin áhættu tilgreind í öðrum gjaldmiðli skulu þær við bótauppgjör umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands á tjónsdegi.

14. gr. Tryggingarfjárhæð

Tryggingarfjárhæð kemur fram á tryggingarskírteini eða í hverjum og einum sérskilmála og miðast að öllu jöfnu við heildarverðmæti hins tryggða eða mat á áhættu. Í tryggingu á fasteign miðast fjárhæðin við brunabótamat hennar við upphaf tryggingartímabilsins. Tryggingarfjárhæð afmarkar þær hámarksbætur ásamt kostnaði sem geta komið til greiðslu á tryggingartímabilinu í heild og einnig vegna hvers einstaks tjónsatburðar fyrir hvern tryggðan eða vegna einstaks hlutar, þars eða samstæðu eftir því sem við á hverju sinni. Upphæð tryggingarfjárhæðar telst þó ekki sönnun á verðmæti hinna tryggðu hagsmuna fyrir tjónsatburð. Verði fleiri en eitt tjónsatvik rakið til sömu orsakar teljast þau öll vera af völdum eins tjónsatburðar í ábyrgðartryggingum.

3. Skyldur tryggðs vegna tjónsatburðar

15. gr. Aukin áhætta

Tryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um þær breytingar sem varða hina tryggðu áhættu í skaðatryggingum. Ef um persónutryggingar er að ræða ber að tilkynna félaginu um breytingar á starfi eða búsetu. Með breytingum er átt við hvers kyns breytingar á tryggingarstað, á notkun eða notkunarsviði hins tryggða, lán, leigu, sölu eða öðru framsali eigna eða afnotaréttar hins tryggða, skráningu eða afskráningu hins tryggða eða hverjar aðrar breytingar, sem geta haft í för með sér aukna áhættu fyrir félagið.

16. gr. Ráðstafanir til að afstýra eða draga úr tjóni

Þegar tryggingaratburður hefur orðið eða bein hættu er á því að hann muni bera að höndum, skal tryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr umfangi þess. Tryggðum ber einnig að fara eftir sanngjörnum og eðlilegum fyrirmælum félagsins sem eru til þess fallin að draga úr tjónshættu eða umfangi tjóns. Þegar um slys eða veikindi er að ræða ber tryggðum að leita til læknis, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Jafnframt ber tryggingartaka og tryggðum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja möguleika félagsins á endurkröfu þriðja aðila þegar slíkt á við, þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

Vanræksla á framangreindum skyldum getur haft í för með sér lækkun eða missi bótaréttar, sbr. 28. og 93. gr. vsl. Hafi tryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreidda þau að því leyti sem þau teljast réttlætunleg.

Þjófnað, innbrot, rán, skemmdarverk og árás skal ávallt tilkynna lögreglu eða næsta yfirvaldi og framvísa skýrslum þeirra hjá félaginu. Á ferðalögum erlendis skal einnig tilkynna fararstjóra um framangreinda atburði ef hans nýtur við.

17. gr. Tjónstilkynning fyrning bóta krafna

Þegar tjón hefur átt sér stað skal tryggður án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um tryggingaratburð með sannanlegum hætti. Tryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bóta krafan er reist á, sbr. 1. mgr. 51. gr. vsl. Ef félagið hafnar kröfu tryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í tryggingarmálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. og 124. gr. vsl.

Vanræksla á tilkynningarskyldu getur haft í för með sér lækkun eða missi bótaréttar ef hún leiðir til skerðingar á möguleikum félagsins til þess að rannsaka málsatvik eða gæta hagsmuna sinna, sbr. 28. og 92. gr. vsl.

Krafa tryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum, 52. gr. og 125. gr. vsl. Sérreglur kunna að gilda um fyrningu samkvæmt lögum á einstökum sviðum.

18. gr. Upplýsingaskylda vegna tjóns

Tryggður, eða sá sem telur sig eiga kröfu á hendur félaginu, skal veita félaginu allar þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur, sbr. 1. mgr. 47. gr. vsl.

Ef tryggður veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans, sbr. 2. mgr. 47. gr. vsl.

4. Þættir sem hafa áhrif á bótarétt

19. gr. Svikasamleg háttsemi eða ásetningur tryggðs

Sá sem svikasamlega vanrækir upplýsingaskyldu sína gagnvart félaginu missir allan rétt samkvæmt tryggingarsamningi. Sé um fleiri tryggingarsamninga að ræða getur hann auk þess misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama tryggingaratburðar, sbr. 20.-21. og 47. gr. vsl. sem og 83. og 120. gr. sömu laga.

Ef tjón verður rakið til ásetnings tryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður. Valdi tryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins, sbr. 27. og 90. gr. vsl. Þetta gildir ekki um ábyrgðartryggingar.

20. gr. Háttsemi annarra

Ákvæði, sem kveða á um að réttur tryggðs eða þriðja aðila til bóta úr skaðatryggingum skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis tryggðs, eiga einnig við um samsvarandi háttsemi manns sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða sem og háttsemi maka tryggða sem býr með honum og manns sem hinn tryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 2. mgr. 29. gr. vsl.

Sé trygging tekin í tengslum við atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna tryggðs, sbr. 3. mgr. 29. gr. vsl.

21. gr. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir, sem trygging þessi tekur til, eru einnig tryggðir með annarri tryggingu getur tryggður valið úr hvaða tryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt tryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu, sbr. 37. gr. vsl. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafíð önnur félög hlutfallslega. Þetta ákvæði á ekki við um slysatryggingar og persónutryggingar.

22. gr. Undirtrygging

Mikilvægt er að tryggingarfjárhæðin sé ávallt í samræmi við verðmæti hins tryggða. Sé tryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna tryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun, sem er á tryggingarfjárhæðinni og heildarverðmæti hins tryggða. Sé heildarverðmæti hins tryggða hærra en tryggingarfjárhæðin greiðir félagið aðeins hlutfallslegar tjónabætur samkvæmt eftirfarandi formúlu:

Tryggingarfjárhæð x Tjónsupphæð
Raunverulegt verðmæti þess sem er tryggt

5. Meðferð bótakrafna og uppgjör bóta

23. gr. Virðisaukaskattur

Ef tryggður eða tjónþoli á rétt á endurgreiðslu á virðisaukaskatti áskilur félagið sér rétt til að haga framkvæmd á viðgerð og/eda uppgjóri tjóns á þann hátt að endurgreiðsla á virðisaukaskattinum komi til lækkunar á fjárhæð tjónsins í samræmi við lög og reglugerðir þar um.

24. gr. Skuldajöfnun

Þegar tryggingartaki öðlast rétt til bóta hefur félagið rétt til að skuldajafna vangoldnu iðgjaldi gegn tryggingarbótum sem því ber að greiða, sbr. 49. og 122. gr. vsl.

25. gr. Vextir

Í þeim tilvikum sem fjárhæð bóta miðast ekki við verðlag á uppgjörstegi greiðir félagið vexti af bótafjárhæðum, sbr. 50. og 123. gr. vsl. Í ábyrgðartryggingum greiðast vextir, sem tryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu, samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 eða ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993. Um dráttarvexti gilda reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu.

Vextir greiðast þótt greiðsla félagsins verði af þeim sökum umfram tryggingarfjárhæðina. Ná samtala höfuðstóls og vaxta ekki eigin áhættu tryggingarinnar greiðir félagið ekki vexti. Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist þó aðeins sá hluti vaxta, er svarar til tryggingarfjárhæðarinnar.

26. gr. Ákvörðun bóta

Ekki er ætlunin að hinn tryggði hagnist á tryggingaratburði og er viðkomandi tryggingu einungis ætlað að bæta raunverulegt fjárhagslegt tjón. Skaðatryggingum er ætlað að bæta tjónþola raunverulegt og sannanlegt fjárhagslegt tjón. Markmiðið er að fjárhagsleg staða tjónþola eða ástand þess sem er tryggt verði eins og það var fyrir tjón, eins mikið og mögulega er hægt og rúmast innan viðeigandi tryggingar. Í persónutryggingum greiðast bætur samkvæmt þeirri tryggingarfjárhæð sem í gildi var á tjónsdegi í samræmi við viðeigandi tryggingarskírteini.

27. gr. Tjón á tryggingartímabilinu

Hafi félagið greitt tjón úr tryggingunni á tryggingartímabilinu þá lækkar tryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka tryggingartímabils, nema greitt sé hlutfallslegt aukaiðgjald það sem eftir lifir tímabils.

28. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi tryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskyldu tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

29. gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar

Þegar um persónuþryggingar er að ræða greiðir félagið venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða sem það telur nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr tryggingunni, svo sem áverkavottorð, einfalt vottorð um óvinnufærni og lokavottorð. Auk þessa greiðir félagið kostnað vegna annarra vottorða, sem félagið telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Jafnframt greiðir félagið fyrir mat utan réttar á örorku, sem aflað er í samráði við félagið, þó ekki ef bersýnilegt er að varanlegar afleiðingar eru engar eða nái ekki tilskyldu lágmarki.

6. Undanþágur frá bótaskyldu

30. gr. Hryðjuverk, ófriðaráttök, kjarnorka

Tryggingin bætir ekki tjón sem beint eða óbeint orsakast af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, hryðjuverkum, innrás, hernaðaraðgerðum, uppreisn, borgarastríði, óeirðum, uppþoti, verkfalli eða svipuðum aðgerðum.

31. gr. Náttúruhamfarir

Tryggingin bætir ekki tjón sem orsakast beint eða óbeint af jarðskjálfta, eldgos, skriðufalli, snjóflóði, vatns- eða sjávarflóði og hvers kyns náttúruhamförum án tillits til orsaka þeirra. Eignatjón vegna náttúruhamfara eru bætt af Náttúruhamfaratryggingu Íslands skv. lögum nr. 55/1992 í samræmi við reglur stofnunarinnar. Þetta ákvæði á ekki við um líf- og sjúkdómatryggingar.

32. gr. Netárás

Félagið bætir ekki tjón vegna netárása sem orsaka skemmdir á hvers konar tölvubúnaði, hugbúnaði, rafrænum gögnum, nema það sé sérstaklega tilgreint í tryggingarskírteini. Sama á við um hvers konar tjón sem verða vegna þess að aðgengi að gögnum, hugbúnaði eða öðrum tölvubúnaði er skert eða tjón sem verða vegna notkunar á þesskonar búnaði, hvort sem notkunin er að vilja tryggðs eða afleiðing af aðgerðum þriðja aðila.

33. gr. Verkfallsaðgerðir og farsóttir

Félagið bætir ekki tjón sem hlýst af vinnustöðvun, verkfalli eða verkfallsaðgerðum af neinu tagi. Félagið bætir ekki tjón, sem beint eða óbeint hlýst af farsótt eða smitsjúkdómum af hvaða tagi sem er. Undanþága um farsóttir og smitsjúkdóma á ekki við um persónuþryggingar, ferðatryggingar og sjúkrakostnaðartryggingar nema þess sé getið í viðkomandi skilmálum.

7. Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga

34. gr. Persónuvernd

Óll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuupplýsingar eru þær upplýsingar sem hægt er að greina beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn o.fl., sbr. 2. tl. 3. gr. pvl. Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, miðlun og dreifing, sbr. 4. tl. 3. gr. pvl.

Persónuverndarstefna félagsins er aðgengileg á heimasíðu félagsins en þar má finna nánari útlistun á því hvernig félagið vinnur persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi. Í lögnum má einnig finna varðveislutíma persónuupplýsinga, réttindi einstaklinga og tengiliðar upplýsingar persónuverndarfulltrúa félagsins.

35. gr. Vinnsla persónuupplýsinga

Félagið vinnur persónuupplýsingar samkvæmt skilmálum þessum, sérskilmálum, reglum og í samræmi við persónuverndarstefnu félagsins og ákvæði gildandi persónuverndarlaga á hverjum tíma. Vinnsla persónuupplýsinga er forsenda fyrir þeirri þjónustu sem félagið veitir og nauðsynleg til að félagið geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt tryggingarsamningi.

Félagið óskar einungis eftir þeim upplýsingum sem það telur nauðsynlegt til að geta sinnt þjónustu við tryggða og tryggingartaka. Sama á við um upplýsingaöflun frá þriðja aðila. Félagið miðlar einnig persónuupplýsingum til ýmissa þriðju aðila sem sinna þjónustu við félagið s.s. sölu trygginga og þjónustu við viðskiptavinum þess. Félagið er áfram ábyrgt fyrir slíkri vinnslu persónuupplýsinga þrátt fyrir að aðrir kunni að sinna þjónustunni. Persónuupplýsingar eru einungis notaðar í þeim tilgangi sem þeirra var aflað.

Félagið er ábyrgðaraðili þeirra upplýsinga sem tryggingartaki veitir því á grundvelli samnings við félagið, sbr. 6. tl. 3. gr. pvl. Félagið geymir aðeins þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir það til að þjónusta tryggða eða tryggingartaka eða þær upplýsingar sem lög og reglur gera kröfu á um að sé aflað. Sama á við um þær upplýsingar sem félagið aflar frá opinberum aðilum á grundvelli samningssambands.

Persónuupplýsingar eru varðveittar eins lengi og viðskiptasamband varir og lög mæla fyrir um eða hagsmunir félagsins krefjast og málefnaleg ástæða þykir til.

Á grundvelli samningssambands við tryggingartaka, lagaheimildar, samþykkis eða annarra lögmætra hagsmuna, eru teknar sjálfvirkar ákvarðanir um þjónustu, þ.m.t. á grundvelli persónusniðs. Tilgangur slíkrar vinnslu er að veita viðskiptavinum sérsniðna þjónustu. Sjálfvirk ákvörðun og eftir atvikum persónusnið er unnið úr þeim persónuupplýsingum sem félagið safnar hjá tryggingartaka eða félagið hefur þegar um tryggðan t.d. aldur, búsetu, tjónatiðni, fjöldi trygginga o.s.frv. og iðgjöld ákvarðast m.a. á grundvelli þessara upplýsinga. Dæmi um sjálfvirka ákvörðunartöku er veiting tryggingar sem tekur mið af upplýsingagjöf sem tryggingartaki veitir. Tryggingartaki getur sjálfur stýrt því að hve miklu leyti hann kys að fá sérsniðna þjónustu byggða á gerð persónusniðs.

Á grundvelli samningssambands, lagaskyldu, lagaheimildar og brýnna hagsmuna, notar félagið persónuupplýsingar til að þróa og/eða kynna vörur, þjónustu eða viðskiptalausnir, sem og til að tryggja gæði veittrar þjónustu, hafa yfirsýn yfir stöðu tryggingartaka og tryggja rétta ákvörðun iðgjalda.

36. gr. Markaðsmál

Vinnsla persónuupplýsinga kann að fara fram í markaðslegum tilgangi á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins.

Félagið áskilur sér rétt til að nota tilteknar persónuupplýsingar tryggingartaka í þeim tilgangi að þróa og kynnavörur, þjónustu eða viðskiptalausnir. Persónuupplýsingar eru einnig notaðar til að bæta þjónustu við tryggða og tryggingartaka. Félagið getur þurft að hafa samband við tryggða í þeim tilgangi t.d. í gegnum tölvupóst, með simtölum, smáskilaboðum eða í gegnum mínar síður eða með sambærilegum samskiptaleiðum.

Félagið vinnur nauðsynlegar upplýsingar um tryggingartaka og tryggða með vefkökum (e. cookies) á vef félagsins og á mínum síðum m.a. til að sniða vefsvæðið að þörfum notenda og til að upplifunin verði sem best og til að greina frávik frá hefðbundinni viðskiptahegðun.

8. Ýmis ákvæði

37. gr. Tjónagrunnur

Öll tjón sem tilkynnt eru til félagsins eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem hýstur er af Creditinfo. Í tjónagrunninn mun félagið skrá kennitölu tjónþola ásamt upplýsingum um tegund tryggingar, tegund tjóns, dagsetningu tjóns, dagsetningu skráningar í tjónagrunninn, staðsetningu tjóns og einkvæmu númeri tjónþola, s.s. númeri ökutækis.

Tilgangurinn með skráningu framangreindra upplýsinga í tjónagrunninn er að reyna að koma í veg fyrir tryggingarsvik og ofgreiðslu tryggingarbóta, s.s. þegar tjónsatvik er tilkynnt til fleiri en eins tryggingafélags án gildra ástæðna. Vinnsla upplýsinga í öðrum tilgangi er óheimil.

Eingöngu þeir starfsmenn félagsins sem starfa að tjónauppjöri hafa aðgang að tjónagrunninum og er aðgangur þeirra háður því skilyrði að þeir gefi upp tilefni vinnslunnar í hvert sinn sem upplýsingunum er flett upp. Öllum upplýsingum verður eytt úr tjónagrunninum þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, þó í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu upplýsinganna.

38. gr. Söluþóknun

Félagið tryggir að þóknun fyrir sölu trygginga brjóti ekki í bága við þá skyldu að hafa hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi og að hafa í heiðri eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Þegar milliliður sér um sölu trygginga greiðir félagið þóknun af sölu trygginga. Þóknun eru almennt greidd sem hlutfall af verði trygginga.

39. gr. Upplýsingagjöf

Félagið hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð, sem m.a. felur það í sér að bera virðingu fyrir náttúrunni og að auka umhverfisvæna þætti í allri starfsemi félagsins. Með hliðsjón af þessari stefnu afhendir félagið að meginstefnu til ekki upplýsingar eða gögn til tryggingartaka á pappírformi, nema tryggingartaki hafi sérstaklega óskað eftir því með sérstakri beiðni þar að lútanði á mínum síðum.

Félagið sendir tryggingartaka upplýsingar og tilkynningar vegna viðskipta í gegnum mínar síður, með tölvupósti eða með öðrum samskiptaleiðum sem félagið notar á hverjum tíma, nema annað leiði af lögum. Félagið sendir sjálfvirkar tilkynningar (e. push notification) með rafrænum hætti í gegnum mínar síður. Tryggingartaki getur breytt slíkum sjálfvirkum tilkynningum á mínum síðum.

40. gr. Réttur þriðja manns

Trygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á tryggingarskírteini. Meðtryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en hinn tryggði.

41. gr. Meðferð ágreiningsmála

Ef félagið hafnar bótakröfu í heild eða að hluta er unnt að bera slíkan ágreining undir Úrskurðarnefnd í tryggingamálum. Að sama skapi má bera undir nefndina allan ágreining sem varðar ákvæði laga um tryggingarsamninga. Í vissum tilvikum er jafnframt hægt að bera undir nefndina ágreining um fjárhæðir. Úrskurðarnefndin fjallar einnig um ágreining um fjárhæð upp að ákveðnum mörkum. Tryggingartaki getur aflað sér frekari upplýsinga um Úrskurðarnefnd í tryggingarmálum inn á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (fme.is) og heimasíðu nefndarinnar (www.nefndir.is/vatrygging).

Ágreining um bótaskyldu félagsins er varðar sök og sakarskiptingu skv. 5. gr. laga um ökutækjatriggingar nr. 30/2019, má leggja fyrir Tjónanefnd tryggingafélaganna. Álit tjónanefndar er ekki bindandi og skjóta má úrskurði Tjónanefndar til Úrskurðarnefndar í tryggingamálum.

42. gr. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa tryggingarsamnings skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

Skilmálar þessir gilda frá 5.02.2025